

Kennsluáætlun í leikjum og hreyfingu

2025/2026

3. bekkur

Waldorfskólinn Sólstafr

Kennarar: Magnea Guðrún Gunnarsdóttir og Álfheiður Þórhallsdóttir

Kennsla í leikjum og hreyfingu fer fram 2svar í viku.

Kennsluaðferðir og markmið:

Boðið upp á fjölbreytta hreyfingu og leiki. Þar reynir meðal annars á hæfileika nemenda til þess að vinna saman, fylgja leiðbeiningum og tileinka sér nýja hluti. Þar er farið í mismunandi einstaklings- og hópleiki sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitssemi.

Nemendur fá fræðslu um mikilvægi þess að vinna saman og fylgja settum leikreglum.

Kennari aðlagar kennsluhætti að þroska og getu hvers nemenda sem og áskoranirnar þar sem það á við. Kennari aðstoðar nemendur við þátttöku í leikjum.

Við munum nota útsvæðið og nærumhverfið til leikja, íþróttaiðkunnar og útivistar. Ef veðrið býður ekki upp á uppbyggilega útivist notum við skólastofuna fyrir hreyfingu og innileiki.

Efni:

Útbúnaður í eigu skólans; boltar, sippubönd, keilur, húllahringir, frisbee diskar, grjónapúðar o.fl. er nýttur þar sem við á.

Námsmat:

Virkni, hlustun og þátttaka í tímum.

Samskipti við samnemendur og kennara.

Samvinna og hjálpsemi.